

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka C við tilskipun 92/51/EBE:

Í „5. Nám í Breska konungsríkinu sem er viðurkennt sem „National Vocational Qualifications or Scottish Vocational Qualifications“,“ falla eftirfarandi undirliðir brott:

- „- vísindalega aðstoðarmenn við lækningarannsóknarstofur (Medical Laboratory Scientific Officer),
- tilsjónarmenn (Probation Officer),
- gervilimasmiði (Prosthetist),“.

AUGLÝSING

um opinber störf sem eru ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda.

1. gr.

Hér með er ákveðið í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um lögmenn, nr. 77 15. júní 1998, að störf við dómstóla teljist ósamrýmanleg handhöfn lögmansréttinda.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um málflytjendastörf manna í opinberu starfi, nr. 32 10. febrúar 1971, með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um leikmannastefnu.

„STARFSREGLUR
um leikmannastefnu.

Leikmannastefna.

1. gr.

Biskup Íslands boðar til leikmannastefnu. Leikmannastefnu skal að jafnaði halda í marsmánuði ár hvert.

Tilgangur leikmannastefnu.

2. gr.

Tilgangur leikmannastefnu er:

- að efla þátttöku óvígðra manna í starfi kirkjunnar
- að gera tillögur til biskups Íslands, kirkjuþings, prófastafunda og héraðsfunda
- að fjalla um mál sem vísað er til leikmannastefnu.